

VERKTAKASAMNINGUR UM VERKEFNASTJÓRN INNLEIÐINGAR SAMBÆTTRAR ÞJÓNUSTU Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM

Undirritaðir, annars vegar Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639 (í þessum samningi nefndur verkkaupi) og hins vegar Sólveig Norðfjörð sálfræðingur, kt. 070577-5779 (hér eftir nefnd verktaki), gera með sér eftirfarandi verksamning.

1.gr.

Verktaki tekur að sér verkefnastjórn innleiðingar samþættingar þjónustu fyrir skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar sem nemur 50 tímum á mánuði á tímabilinu 1. ágúst 2023 – 31. desember 2024. Möguleiki er að verktaki auki tímafjöldann eða taki að sér fleiri verkefni ef samið er um það sérstaklega.

2.gr.

Vinnutími fer að hluta til fram í Ísafjarðarbæ og að hluta til í fjarvinnu. Verkkaupi greiðir verktaka 21.953 kr. fyrir hverja vinnustund og miðast sú upphæð við launavísitölu 905,6 í desember 2022. Greiðsla tekur breytingum samkvæmt breytingum á launavísitölu 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

3.gr.

Þegar ferðast er til Ísafjarðarbæjar hefst vinnutími verktaka á flugvelli flugvelli í Reykjavík og líkur á flugvelli í Reykjavík. Verkkaupi greiðir fyrir og pantar flugfar og gistingu og greiðir dagpeninga sem svarar hálfum degi, dag hvern. Ef verktaki verður veðurtepptur á Ísafirði fær hann greiddan biðtímann ef hann er á vinnutíma. Verkkaupi á rétt á að nýta þjónustu verktaka á meðan á biðtíma stendur. Ef ekki er fært flugleiðina frá Ísafirði til Reykjavíkur þegar verktaki er á heimleið sér Ísafjarðarbær um gistingu og/eða far landleiðina með öðrum eða bílaleigubíl, verktaki fær greiddan helming af ferðatíma. Verkkaupi greiðir fyrir biðtíma vegna tafa frá Reykjavík ef verktakar komast á umsömdum degi en ekki ef ferð fellur niður þann dag. Komi til þess að verktaki aki vestur fær hann tíma í dagvinnu en helming þess tíma sem fer í akstur eftir dagvinnutíma.

4.gr.

Verkkaupi leggur verktökum til starfsaðstöðu hjá Ísafjarðarbæ. Starfi verktakar annars staðar en á Ísafirði greiðir verkkaupi ferðir til og frá þeim stað og telst ökuferðin til vinnutíma, það sama á við um ferðir til og frá flugvelli.

5.gr.

Samningur þessi tekur gildi 01.08.2023 – 31.12.2024. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur þessa samnings er 3 mánuðir.

6.gr.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit.

Ísafjörður _____

Sólveig Norðfjörð, sálfræðingur

F.h. Ísafjarðarbæjar